

Fyrirspurn

til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um auglýsingasölu RÚV.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hyggst ráðherra bregðast við tillögum starfshóps um málefni Ríkisútvarpsins hvað varðar veru RÚV á auglýsingamarkaði og takmörk á sölu RÚV á auglýsingum?
- Var vinnuhópur skipaður um nánari útfærslu á tillögum fyrrnefnds starfshóps? Ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?
- Hyggst ráðherra bregðast við veru RÚV á auglýsingamarkaði?
- Hyggst ráðherra bregðast við aukinni auglýsingasölu RÚV þrátt fyrir markmið um minni umsvif RÚV á auglýsingamarkaði samkvæmt þjónustusamningi?
- Hvernig samræmist aukin auglýsingasala RÚV árið 2024 markmiðum um minni umsvif RÚV á auglýsingamarkaði?

Skriflegt svar óskast.